

Lýsing.	Stærð.
Ytra þvermál.	215 mm.
Innra þvermál.	Samkvæmt ytra þvermáli röralagnar.
Þvermál hrings í miðju á boltagötum.	183 mm.
Boltagöt.	6 boltagöt 22 mm að þvermáli. Skulu þau vera með jöfnu millibili innbyrðis staðsett á hring sem hefur ofanritað þvermál og skorin út úr ytri brún flansins. Þvermál raufar 22 mm.
Flansþykkt.	20 mm.
Boltar og rær: fjöldi, þvermál.	6 stk. 20 mm að þvermáli og nægilega langir.

7.3. Siglingamálastjóri getur þó viðurkennt annað fyrirkomulag á hinum staðlaða flansi skv. 7.2 gr., ef ljóst er að það hamlar ekki móttöku oliunnar í landi.

8. gr.
Refsingar.

8.1. Brot gegn reglum þessum varða sektum.

9. gr.
Gildistaka.

9.1. Reglur þessar eru settar skv. lögum nr. 77 10. maí 1966 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar frá 1962 á alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954 og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávar, staðfestast hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. nóvember 1978.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 400.

9. nóvember 1978.

ERINDISBRÉF

fyrir nefnd skv. lögum nr. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra.

1. gr.

Nefndin fjallar um nám þeirra kennara og skólastjóra sem lög nr. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra taka til, eftir því sem óskað er og þörf krefur.

2. gr.

Nefndin metur námið í námseiningum þar sem hver eining jafngildir fullri námsvinnu einnar viku. Skal miðað við meðalafköst í námi og taka í því sambandi

mið af námslengd og námsskipan í K.H.Í., H.Í. og öðrum stofnunum hérlendis sem mennta kennara.

3. gr.

Nefndin metur fyrst og fremst nám þeirra sem ekki hafa ótvíræð réttindi til starfa á því skólastigi sem þeir hyggjast starfa á skv. þeim prófum sem þeir hafa tekið, sbr. ákvæði laganna um einstök próf.

Sá sem leitar eftir úrskurði nefndarinnar skal senda ráðuneytinu fullnægjandi gögn um nám sitt.

4. gr.

Niðurstaða matsins skal leiða í ljós hvað hlutaðeigandi kennara skortir til að öðlast full kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi. Við matið skal fyrst og fremst taka tillit til þess hluta námsins sem ætla má að nýtist beint eða óbeint í kennslustarfinu.

5. gr.

Kennarar, sem auka við menntun sína hérlendis eða erlendis með því að sækja námskeið eða stunda nám á annan hátt, skulu fá þessa menntun viðurkennda, ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

- a) að um hafi verið að ræða markvisst nám sem stuðlar að aukinni starfshæfni kennarans.
- b) að fyrir liggja matshæf gögn varðandi námið.
- c) að matsnefnd fallist á gildi námsins.

6. gr.

Nefndin leitar umsagnar kennarasamtaka þegar hún telur sérstakar ástæður til þess.

7. gr.

Nefndin kveður sérfræðinga í einstökum greinum eða í skólastarfi sér til aðstoðar eða leitar eftir umsögn þeirra eftir því sem hún telur nauðsynlegt.

Menntamálaráðuneytið, 9. nóvember 1978.

Ragnar Arnalds.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á
óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum
fyrir framleiðslutímabilið 1. september
til 31. desember 1978.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. september til 31. desember 1978: